

125. löggjafarþing 1999–2000.  
Þskj. 62 — 62. mál.

## Fyrirspurn

til iðnaðarráðherra um virkjunarleyfi og umhverfismat.

Frá Sighvati Björgvinssyni.

Hvaða virkjunarleyfi hafa verið gefin út samkvæmt lögum um raforkuver, nr. 60/1981, orkulögum, nr. 58/1967, eða sérlögum þar sem framkvæmdir eru ekki hafnar og þær taldar undanþegnar ákvæðum laga um umhverfismat?

Skriflegt svar óskast.